DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið · Prentgripur 1041 0858

Nr. 2674 Síðan 1968 55. árgangur

Fimmtudagur 10. nóvember 2022

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



Elísabet Björgvinsdóttir kom sá og sigraði í Söngkeppni NFSu. Mynd: Dagskráin/HGL

Elísabet Björgvinsdóttir sigraði í Söngkeppni NFSu

Selfyssyngurinn Elísabet Björgvinsdóttir kom sá og sigraði í glæsilegri Söngkeppni NFSu sem haldin var í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Elísabet kemur þar af leiðandi til með að taka þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna, sem haldin verður á vordögum, fyrir hönd Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Elísabet fór lystilega með slagara Arethu Franklin *(You Make Me Feel Like) A Natural Woman,* en augljóst var að henni leið vel á sviðinu og átti hún hug og hjörtu dómnefndar eftir frábæran flutning.

Í öðru sæti var Hugrún Tinna Róbertsdóttir sem söng *Daddy's lessons* með Beyoncé og í því þriðja var Ásrún Aldís Hreinsdóttir með lag Rihönnu, *Love on the brain.* Þá fékk Elín Karlsdóttir verðlaun fyrir frumlegasta atriðið en hún söng lagið *Echoes* með Pink Floyd.

Þema keppninnar í ár var Grease og er skemmst frá því að segja að nemendafélaginu hafi tekist vel til en öll umgjörðin var til fyrirmyndar. Húsband skólans, Koppafeiti steig á svið og skemmti gestum á meðan dómarar réðu ráðum sínum. Auk koppafeitinnar var stórkostlegt dansatriði á vegum DWC og Emilía Hugrún Lárusdóttir, sem sigraði í söngkeppninni í fyrra og í kjölfarið Söngkeppni framhaldsskólanna, sló botninn í spennuþrungna biðina eftir úrslitum kvöldsins með því að syngja tvö lög af sinni alkunnu snilld.

HGL



Fulltrúar sveitafélaganna með viðurkenningarnar. Mynd: Aðsend.

Grímsnes- og Grafningshreppur er Sveitarfélag ársins 2022

Val á Sveitarfélagi ársins 2022 var tilkynnt við hátíðlega athöfn í húsi BSRB í síðustu viku.

Þetta er í fyrsta skipti sem valið fer fram en alls voru veittar fjórar viðurkenningar fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga. Könnunin var framkvæmd af Gallup.

Grímsnes- og Grafningshreppur er Sveitarfélag ársins 2022. Árný Erla Bjarnadóttir, formaður stéttarfélagsins Foss, færði Guðnýju Helgadóttur, staðgengli sveitarstjóra blómvönd og fallegan verðlaunagrip sem er hannaður og smíðaður af Sigrúnu Björgu Aradóttur hjá Agndofa hönnunarhúsi.

Önnur sveitarfélög sem hlutu viðurkenningu voru Hrunamannahreppur, Flóahreppur og Bláskógarbyggð og tóku Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri og Helgi Bjarnason, oddviti við þeim fyrir hönd sinna sveitarfélaga.

Könnunin Sveitarfélag ársins hóf göngu vorið 2022 og er stefnt að því að hún verði framkvæmd árlega. Niðurstöður könnunarinnar veita mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi á vinnustöðum sveitarfélaganna og samanburð við aðra vinnustaði.

Tilgangurinn er að hvetja stjórnendur sveitarfélaganna til að veita starfsumhverfinu meiri athygli og ráðast í umbótaverkefni þar sem þess er þörf. Einnig er ætlunin að niðurstöðurnar skapi almenna umræðu um starfsumhverfi og stjórnun á vinnustöðum félagsfólki stéttarfélaganna til hagsbóta. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að starfsfólki.







SINGLES DAY TILBOÐ
OPIÐ FIMMTUDAG TIL 22

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Í VERSLUN OG NETVERSLUN
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

AFSLÁTTARKÓÐI Á TISKUVERSLUN.IS ER 1111

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800





Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

Hallveig Rúnarsdóttir sópran
Eyjólfur Eyjólfsson tenór
Barna- og unglingakór Selfosskirkju
Kirkjukór Selfosskirkju

50 manna sinfóníuhljómsveit
Konsertmeistari: Greta Guðnadóttir
Kórstjórar: Edit Molnár & Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson

2022
JÓLATÓNLEIKAR
Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands

MIÐASALA Á TIX.IS

SELFOSSKIRKJA
10. DESEMBER
kl. 17:00

LITRÓF · Landsvirkjun · SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS · Stjórnarráð Íslands Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Fjölmennt í útgáfuboði Guðna

Síðastliðinn laugardag var boðað til veislu í Risinu á Selfossi í tilefni að útkomu bókarinnar *Guðni: Flói bernsku minnar*. Í bókinni rifjar Guðni Ágústsson upp mannlíf og menningu í Flóa bernsku sinnar en bregður auk þess upp nokkrum seinna tíma myndum úr sinni fögru sveit. Bókina ritaði hann í félagi við Guðjón Ragnar Jónasson menntaskólakennara. Fjöldi manna kom víðs vegar að til að samfagna í Risinu með Guðna sem flutti angurværa ræðu enda ekki laust við að hann væri hrærður yfir hve margir mættu í samkvæmið en nærri lætur að um þrjú hundruð manns hafi komið þá þrjá tíma sem samkvæmið stóð yfir. Að endingu fluttu ráðherrarnir, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Dögg Alfreðsdóttir í góðri samvinnu sameiginlega ræðu þar sem þau áréttuðu mikilvægi þess að segja söguna.

Guðni er einlægur í frásögnum sínum í bókinni en glettnin er þó aldrei langt undan. Segja má að í bókinni sé að finna einlægar og oft á tíðum gamansamar frásagnir af því þegar sveitin var að byggjast upp, þó má merkja smá söknuð eftir veröld sem var án þess þó að í nokkru sé hallað á nútímann. Altént var nútíminn ríkjandi í samkvæminu þegar Ketill Ágústsson yngri á Brúnastöðum sté á stokk og flutti



frumasamin lög sem og nokkur eftir Bubba Morthens sem einmitt er leikinn af Katli yngri í leiksýningunni Níu líf í Borgarleikhúsinu.





Málþing um Njálu í Hvolsvelli

Guðni Ágústsson boðar til málþings um Njáls sögu í Midgard á Hvolsvelli laugardaginn 19. nóvember næstkomandi klukkan 13:30. Þar verður rætt um gildi sögunnar og hún sett inn í samhengi nútímans. Þeirri spurningu verður velt upp hvernig nota megi söguna til að styrkja ferðaþjónustuna í Rangárþingi. Sögusetrið í Hvolsvelli varðaði leiðina en nú er einkum horft til nýrra sýninga sem miðla sagnarfinum, þar má nefna Landnámssetrið í Borgarnesi sem byggt hefur verið upp af miklum myndarskap á undanförnum árum.

Ísólfur Gylfi Pálmason mun stjórna málþinginu. Guðni Ágústsson setur ráðstefnuna. Framsögur flytja Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri, Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra, Arthur Björgvin Bollason ræðir um Njálu á stafrænni öld, Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir segir frá Njálureflinum, Hermann Árnason ræðir ferð Flosa frá Svínafelli á Þríhyrningshálsa og Hjálmar Árnason mælir fyrir minni Jóns Böðvarssonar.



Listaverk eftir Þórhildi Jónsdóttur.

Allt áhugafólk um Njálssögu velkomið.

SELFOSS
MIÐBÆR

Kósýkvöld
í miðbænum

Fimmtudaginn
10. nóvember

Opið til
22:00
í verslunum og veitingastöðum

Óvæntir gestir
Lifandi tónlist
Skemmtilegir viðburðir

Motivo	20% af öllum vörum
Penninn	20% af öllum vörum
Mistilteinn	20% af öllum vörum
SHAY	20% af öllum vörum
Hlaðan	20% af öllum vörum
Gullfoss	20% af öllum vörum
Listasel	20% af völdum vörum
1905 Blómahús	20% af völdum vörum

Allir veitingastaðir verða með valin tilboð á mat og drykk.



NÆST Á SVIÐ

TVÍHÖFÐI

10. nóvember

SYCAMORE TREE

11. nóvember

STUÐLABANDIÐ


25. nóvember
2.desember

JÓLABALL

3. desember

JÓL & NÆS

15. desember

SVIÐIÐ
SVIDID.IS



Fimmtugasta og sjöunda starfsárið að hefjast

Það er mikil tilhlökkun innan raða Karlakórs Selfoss þessa dagana, þegar fimmtugasta og sjöunda starfsár kórsins er að hefjast. En um 70 söngmenn hafa mætt á fyrstu æfingar vetrarins og menn eru spenntir fyrir að loksins komist söngurinn á flug eftir tvö mögur ár, þar sem fella þurfti niður bæði æfingar og tónleika. Í lok september sl. var haldið sérstakt kynningarkvöld fyrir nýja félaga og var þar vel mætt. Verkefnabók vetrarins er komin í notkun og er þar m.a. að finna fjölmörg lög sem eru nýútsett fyrir kórinn af okkar flinka stjórnanda, Skarphéðni Þór Hjartarsyni. Að sjálfsögðu verða líka hefðbundin karlakóralög á verkefnaskránni.

Opin jólaæfing á Risinu

Mánudagskvöldið 28. nóvember kl. 20 verður opin æfing á Risinu, í nýja miðbænum á Selfossi. Þar munu kórfélagar æfa jólalögin sem flutt verða á jólatónleikum kórsins í desember. Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Jólatónleikar

Að venju eru tvennir jólatónleikar á dagskrá kórsins og er sérstaklega leitast við að hafa þá hátíðlega og um leið skemmtilega. Sungið verður í Skálholtskirkju mánudagskvöldið 12. desember og í Selfosskirkju mánudagskvöldið 19. desember. Aðgangur að jólatónleikunum er eins og fyrr ókeypis og allir velkomnir.


Herrakvöld og fl.

Fastur liður í starfsemi Karlakórs Selfoss undanfarin ár eru Herrakvöld um miðjan janúar, þar gæða kórfélagar og gestir þeirra sér á sviðum og saltkjöti ásamt tilheyrandi meðlæti. Herrakvöldið að þessu sinni ber uppá föstudaginn 13. janúar nk. Þá er fyrirhugað að halda Vísnakvöld/Hagyrðingakvöld fyrir lok febrúar. Á útmánuðum einbeita söngmenn sér svo að undirbúningi vortónleika sem skv. venju hefjast á sumardaginn fyrsta í Selfosskirkju, en kórinn mun syngja á fernum vortónleikum í lok apríl 2023. Vorferð kórsins, sem gæti orðið að utanlandsferð, verður svo farin að afloknum vorverkunum.

Sem fyrr segir er Skarphéðinn Þór Hjartarson stjórnandi Karlakórs Selfoss og pínóleikari er Jón Bjarnason. Æft er á mánudagskvöldum kl. 20.00-22:30 í félagsheimili kórsins að Eyravegi 67. *VBr.*

Sunnlenski matgæðingurinn

Jón Kristján Gunnlaugsson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.



Ég þakka fyrir áskoruninna og tek henni fagnandi Ólafur, mér þykir það mikill heiður að fá að vera sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Ég ætla að henda í uppskrift af einum algjörum sparirétt á okkar heimili sem mér finnst passa sértaklega vel við þessa árstíð sem er núna. Sá réttur er Lambalundir í lakkrís marineringu en þetta er guðdómlegur réttur sem ég mæli með að allir ættu að prófa að gera.

Lambalundir í lakkrís marineringu

500 gr. gæða lambalundir
½ l sojasósa
½ l appelsínusafi
4 stk. stjörnuanís
2 msk. blandaður pipar
1 msk. balsamikedik
2 greinar af garðablóðbergi

Þessu öllu er blandað saman í ílát og hrært vel. Takið lundirnar og passið að þær séu vel hreinsaðar, setjið kjötið í marineringuna og leyfið kjötinu að liggja í marineringunni 24-36 klst. áður það er borið fram.

Lambalundirnar eru svo skornar í þunnar sneiðar og bornar fram ásamt lakkrís-sósunni.

Lakkrís sósa

125 ml Hellmans mæjó
125 ml sýrður rjómi
1 tsk. sojasósa
1 tsk. balsamikedik
2 tsk. hunang
2 stk. stjörnuanís
1 tsk. pipar
1 kardimomma
2 greinar af garðablóðbergi

Mæjó, sýrðum rjóma, ediki, soja, og hunangi er hrært saman í skál, kryddum og jurtum er svo hent í mortel og barið mjög vel saman og svo sigtað ofan í sósuna.

Þetta er dýrindis forréttur sem hentar við öll tilefni og slær alltaf í gegn!

Ég þakka enn og aftur fyrir mig og skora Ólaf Högna Ólafsson að taka við keflinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Beini ég á makker minn,
mælti daman: „Stingdu inn.“
Vegaprestanna iðja er,
afleit þessi staka hér.

Svar við gátu í blaði 2673: **KÓNGUR**
1. Afla**kóngur**
2. Pípuhaus/**kóngur** á reykjapípu - 3. Þjóðhöfðingi

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
482 1944 selfoss@prentmetoddi.is - www.prentmetoddi.is



EINSTAKIR TILBOÐS-DAGAR

20% afsláttur

af húð-, snyrti- og gjafavöru dagana 8.-13. nóvember í Lyfju

Vellíðan er besta gjöfin



LYFJA

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. Heildarendurskoðun

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins, á fundi sínum þann 20.10.2022. Tillagan var auglýst frá 6. apríl 2022 með athugasemdarfresti til 18. maí 2022. Gerðar hafa verið lagfæringar á tillögunni, eftir því sem við á, í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar. Öllum þeim sem komu með ábendingar eða athugasemdir við tillöguna, hefur nú þegar verið send niðurstaða sveitarstjórnar. Niðurstaða sveitarstjórnar er hér með auglýst í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FRÁ SELFOSSVEITUM BS. VEGNA VARMADÆLNA

Selfossveitur bs. áforma að veita styrki til eigenda og íbúa fasteigna með fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælur. Markmiðið er að draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Fjárframlag til úthlutunar er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna bs. vegna ársins 2023 eða allt að 800.000 kr. fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Ekki verða veittir fleiri styrkir en fimm ár hvert. Ef heildarfjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna, Austurvegi 67, undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 30. nóvember 2023. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Selfossveitna bs. kveða á um.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur má finna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, www.arborg.is. Jafnframt má senda fyrirspurnir á netfangið sigurdur@arborg.is.

SELFOSSVEITUR

„Hlustendurnir hvetja mig áfram“

Kristján Albert Jóhannesson hefur tekið við þættinum Lífið er ljúft sem er á dagskrá öll föstudagskvöld á Útvarpi Suðurland. Kristján hefur verið búsettur á Selfossi í rúm 8 ár, er fæddur og uppalinn á Akureyri og hefur komið víða við á sínum starfsferli. Kristján er, fyrir utan útvarpsmennskuna hættur að vinna en sökkvir sér þess þá heldur í tónlist sem nýtist honum í útvarpinu.

Safn Kristjáns hleypur á um 2500 geisladiskum og um 600-700 vínylplötum sem hann hlustar mikið á og finnur sér efni í þættina, þó að óskalögin spili stóran þátt í þættinum. „Við hjónin keyptum okkur húsbíl árið 2007, eitt haustkvöld fórum við í útilegu í Hveragerði í alveg geysilega fallegu veðri. Við vorum eini bíllinn á svæðinu, nutum þess að vera út af fyrir okkur. Við fengum okkur kvöldmat og kveiktum á Útvarpi Suðurland, Valdimar Bragason var þarna með sína gullrödd. Hann spilaði sína tónlist, alveg listaflotta og okkur leið svo vel. Konan mín fór fljótlega að þreytast og fór afturí með hundinn okkar en ég sat frammi og átti yndislega stund á meðan ég hlustaði á Valda og hroturnar í þeim og horfði upp í heiðan og stjörnubjartan himininn. Þetta var mín fyrsta upplifun af Útvarpi Suðurlands, í kjölfarið hlustuðum við alltaf á Útvarp Suðurland á föstudagskvöldum í húsbílnum.“

„Þegar við fluttum á Selfoss fyrir rúmum 8 árum síðan hitti ég Einar Björnsson sem á Útvarp Suðurland ásamt fleiru og ég sagði honum að ég hefði verið áður í útvarpi svolítið og spurði hvort það væri pláss fyrir mig. Hann sagðist ætla að hafa mig á bakvið eyrað. Svolitlu seinna heyrði hann í mér og bauð mér að koma í prufu og hann hefur eiginlega ekkert losnað við mig síðan,“ segir Kristján og hlær.



Mynd: Dagskráin / HGL

Allt fyrir vaktina

„Við vorum þrír til að byrja með, skiptum föstudögunum á milli okkar, svo heltist einn úr lestinni og við Valdi skiptumst á annan hvern föstudag. Svo varð úr að Valdi gekk úr skaftinu þannig að ég er búinn að vera með þetta núna á mínum herðum í ákveðinn tíma og ætli þættirnir séu ekki orðnir um eða yfir hundrað sem ég hef verið með núna síðustu þrjú og hálft ár. Ég er mjög ánægður og er ekkert að fara að hætta. Þetta er að vísu ansi bindandi. Það hefur komið fyrir að ég hafi verið austur á fjörðum og svo kom fimmtudagur og ég sá mína sæng upp reidda og sagði bara við konuna að nú þyrfti ég að fara í bæinn. Ég keyrði þá þessa rúmu 400 kílómetra eða hvað það var og stóð mína vakt.“

„Ég hef verið með mikið safn af tónlist og hef verið að velja úr því þegar ég hef verið að velja lög í þáttinn en síðan kynntist ég fyrirbrigði sem kallast Spotify, ég verð að segja, þvílíkt og annað eins snilldar tól. Ég nota plöturnar og diskana ennþá, en það geri ég meira til að finna og fá hugmyndir. Ég hef líka komist að því að það eru ekkert öll lög á þessum streymisveitum og þar kemur safnið mitt inn. Ég er að spila lög sem þú heyrir hvergi annarsstaðar. Vegna þess að það eru allir komnir á streymisveiturnar, það eru kannski um 98% af tónlist á efnisveitunum en hluti af hinum 2% eru til í safninu mínu.“

„Ég hef fengið símhringingar og skilaboð frá fólki sem er að hlusta allstaðar af norðurlöndunum, ja, nema Finnlandi reyndar. Fólk hefur til dæmis hringt í mig frá spænskum bar, sumir úr helgarferðum erlendis sem segjast ekki vilja sleppa úr þætti þó þau væru á ferðalögum víðsvegar um heiminn. Ég er að spila lög frá Íslandi, Englandi og Bandaríkjunum en ég er líka að spila lög frá Spáni, Frakklandi, Ítalíu, Færeyjum,Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Svo hef ég þrisvar sinnum spilað lög með pólskum listamönnum. Eftir annað skiptið hringdi síminn hjá mér. Þar var kona sem var klökk, hún sagðist hafa búið í 19 ár á Íslandi og að þetta væri í fyrsta skipti sem hún heyrði Pólskt lag í Íslensku útvarpi. Þetta hreyfði við mér. Viðbrögð hlustenda eru svo mikilvæg, ef maður fær engin viðbrögð er þetta bara eins og maður sé að tala við vegginn. En þegar maður fær svona símtöl þá hvetur það mann áfram,“ segir Kristján að endingu.

-HGL

Faðir, móðir og tíminn á leiðinni

Bókasafn Árborgar efnir til bókmenntadagskrár með Steinunni Sigurðardóttur föstudaginn 11. nóvember frá kl. 16.30 til kl. 17.30. Yfirskriftin er *Faðir, móðir, og tíminn á leiðinni*. Steinunn gengur út frá skáldævisögu Guðbergs Bergssonar, „Faðir, móðir og dulmagn bernskunnar“, og sinni eigin ljóðabók sem út kom á þessu ári, „*Tíminn á leiðinni*“. Umfjöllunarefnið er ekki síst foreldrar og þeirra ævarandi áhrif, en í ljóðabók Steinunnar er fjallað um foreldra, lífs og liðna, á persónulegan hátt. Steinunn er jöfnum höndum skáldsagnahöfundur og ljóðskáld og er þekktasta skáldsaga hennar „*Tímaþjófurinn*“. Meðal verðlauna sem hún hefur hlotið eru Íslensku bókmenntaverðlaunin og Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Þá varð hún þess sjaldgæfa heiðurs aðnjótandi síðastliðið vor að vera útnefnd heiðursdoktor frá Háskóla Íslands. Steinunn og maður hennar, Þorsteinn Hauksson, tónskáld, búa á Selfossi og í Frakklandi.



Mæðgnahöfundar á Konubókastofu

Draumey Aradóttir og Sunna Dís Másdóttir eru ljóðahöfundar og mæðgur. Hafa þær báðar gefið út ljóðabækur, þó ekki saman. Síðastliðinn sunnudag, 30. október, voru þær með höfundakynningu á Konubókastofu - Eyrarbakka.

Sunna Dís er ein af konunum sem mynda hópinn Svikaskáld, samið þar ljóð í samvinnu við fimm aðrar konur og gefið þau út, ásamt skáldsögu. Nú í haust kom út ljóðabók eftir hana sem heitir Plómur. Draumey, móðir Sunnu Dísar, hefur gefið út nokkrar ljóðabækur og heitir sú nýjasta Varurð. Þær mæðgur styðja hvor aðra í skrifunum og gaman var að heyra þær lýsa þeirri samvinnu. Eins nutu gestir að hlýða á þær lesa upp úr bókum sínum og eftir upplesturinn var líflegt bókmenntalegt spjall.

Næsta höfundakynning mæðgna á Konubókastofa verður 13. nóvember nk. þar sem Auður Ava Ólafsdóttir mun mæta ásamt dóttur sinni Arndísi Lóu Magnúsdóttur. Kynningin hefst klukkan 15:00. Auður Ava hefur skrifað skáldsögur sem vakið hafa mikla athygli innanlands sem utan og fengið fyrir þær viðurkenningar og verðlaun. Núna kemur út eftir hana skáldsagan Eden. Árið 2020 gaf Arndís Lóa út ljóðabókina Taugaboð á háspennulínu og hlaut mikið lof fyrir, var m.a. tilnefnd til Maístjörnunnar fyrir ljóðabók ársins. Á þessu ári kemur út eftir hana ljóðsagan Skurn.







† Steinar Sigurður Guðjónsson

Fæddur 19. mars 1945. - Dáinn 29. október 2022.

Jarðaförin fór fram í kyrrþey 4. nóvember síðastliðinn að ósk hins látna.

Elsku pabbi, þá er komið að kveðjustundinni sem enginn er tilbúinn fyrir. Það koma margar minningar upp í hugann. Útilegurnar á Laugarvatni þegar þú varst að ferja og hélst á okkur yfir ánna til að við þyrftum ekki að labba langa leið á brennu og svo hlóum við þegar þú barst mömmu á bakinu yfir líka.

Þú varst svo mikill veiðikarl og fórst í ferðir inn í veiðivötn með hóp og þar naustu þín svo sannarlega og beiðst eftir þeirri ferð á hverju ári. Ég var svo heppinn að fá að fara með þér í eitt skipti en Guðveigur afa strákurinn þinn fór með þér í nokkur skipti. Ferðin sem ég fór með þér var svo skemmtileg og gleymist aldrei. Mikið var spjallað, hlegið og sungið í þeirri ferð. Ferðin gaf mér svo mikið, að fá þessa stund með þér er eitthvað sem ég er ótrúlega þakklát fyrir.

Þú varst ótrulega mikill húmoristi, mikill brandarakarl og elskaðir jólin. Þú safnaðir spilandi jólasveinum sem spiluðu, sungu og dilluðu sér. Það gaf þér svo mikið að sýna afabörnunum þessa sveina í hvert skipti sem þau komu í heimsókn yfir jólin og þú brostir út að eyrum. Þú elskaðir afabörnin og vildir allt fyrir þau gera.

Ég man sem barn þegar þú og mamma fóruð með okkur systkynin í feluleik og þú vissir um bestu felustaðina og settir okkur stundum upp í fataskáp þar sem rúmfötin voru geymd. Þið lékuð mikið við okkur, hvort sem það var í feluleik, falinn hlutur, spila kana fram eftir nóttu svo eitthvað sé nefnt. Tíminn flaug alveg frá okkur það gat verið svo gaman.

Sumarbústaðarferðirnar, allar útilegurnar, dagsferðirnar og fleira. Svo margar góðar minningar.

Þegar ég bjó á Reyðarfirði komstu í nokkur skipti austur til mín. Ég man sérstaklega eftir einu skipti þegar þú varstu hjá okkur í viku. Við fórum með þig inn í Kárahnjúka, að Skriðuklaustri, inná Eskifjörð, Neskaupstað og Borgarfjörð Eystri o.fl. Þessar dagsferðir að skoða saman Austurlandið voru skemmtilegar. Þú naust þín við að skoða landið með mér og börnunum og þessi dvöl þín var okkur minnisverð. Á Fáskrúðsfirði fórum við á safn og á kaffihús. Enduðum á olís þar sem þú lést 5 þúsund króna seðil detta í nammibarinn, tókst hann svo upp og sagðir upphátt „nei vá hvað ég er hepinn, ég fann 5 þúsund kall í nammibarnum“ þeir sem staddir voru í sjoppunni ráku upp stór augu alveg hissa en við sprungum bara úr hlátri. Þú varst svo stríðinn, elskaðir að gera prakkarastrik og gera fólk hneykslað eða hissa.



Söknuðurinn og sorgin er svo mikil og tárin streyma en ég er þakklát fyrir að eiga minningarnar um þig elsku pabbi. Ég sakna þín svo sárt. Þú varst búin að vera tapa heilsunni smátt og smátt en það var covid sem tók þig svo endanlega frá okkur. Ég hugga mig við það að nú þarftu ekki að kveljast lengur og ert kominn á betri stað og getur hvílst.

Elsku besti pabbi, takk fyrir allt. Takk fyrir allar minningarnar. Takk fyrir ástina og umhyggjuna. Takk fyrir veiðiferðirnar. Takk fyrir mig.

Góða ferð elsku pabbi í sumarlandið. Sjáumst þegar minn tími kemur.

Þín dóttir
Hafdís

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Deiliskipulagstillaga. Austurvegur - Vallholt - Rauðholt - Reynivellir

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 2.11.2022 að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæði sem afmarkast af götunum Austurvegur, Rauðholt, Vallholt og Reynivellir á Selfossi. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu og er markmið deiliskipulags að skilgreina afmörkun lóða og nýtingu þeirra. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar 2010-2030, þ.e. blanda af íbúðabyggð og verslunar- og þjónustulóðum, og er nýtingarhlutfall lóða innan miðsvæðis skilgreint með nýtingarhlutfall allt að 1.0-2.0.

Ofangreind skipulagstillaga liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 9. nóvember 2022 til og með 21. desember 2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 21. desember 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

íþróttir

Egill Blöndal landaði gullverðlaunum í Lúxemborg

JUDO Evrópumeistaramót Smáþjóða (GSSE) í Judo fór fram í Lúxemborg þann 5. nóvember sl. Þetta var í fyrsta skipti sem mótið var haldið og því voru fyrstu Evrópumeistarar Smáþjóða krýndir þar. Egill Blöndal sem er þjálfari og iðkandi hjá Júdódeild Selfoss vann til gullverðlauna í -90kg flokki sem er talinn einn erfiðasti flokkurinn í júdó. Mætti hann Raphael Schwendinger frá Lichtenstein í úrslitum. Egill glímdi af miklu öryggi og náði að tryggja sér sigur með armlás þegar um það bil þrjár mínútur voru liðnar af glímunni

Íslenskir keppendur voru alls tíu á mótinu. Fimm í karlalandsliði og fimm unglingalandsliði U18. Í karlaflokki var það árangur Egils Blöndal og Karls Stefánssonar sem stóð upp úr, en báðir unnu til gullverðlauna. *HGL*





Fyrsta Skólahreystibraut Suðurlands opnar í Vík

Skólahreystibrautin í Vík var formlega opnuð við hátíðlega athöfn sl. mánudag. Brautin er sú fyrsta sinnar tegundar á Suðurlandi og markar áframhald á uppbyggingu fjölbreyttari möguleika til heilsueflingar og afþreyingar.

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri ávarpaði viðstadda og þakkaði styrktaraðilum sem áttu hlut í að verkefnið varð að veruleika. Víkurskóli hélt utan um söfnun styrkja sem bárust jafnt frá fyrirtækjum sem og einstaklingum. Mýrdalshreppur lagði svo til það sem eftir stóð og sá um frágang og gerð girðingar við brautina.

Björn Þór Ólafsson oddviti Mýrdalshrepps og Björn Vignir Ingason formaður nemendaráðs Víkurskóla klipptu svo á borða og vígðu þannig formlega Skólahreystibrautina.

Andrés Guðmundsson stofnandi Skólahreysti kom til Víkur við þetta tilefni og kynnti brautina fyrir viðstöddum. Hann lýsti jafnframt frumraun nemenda Víkurskóla sem fóru með glæsibrag í gegnum brautina.



Þrjár viðurkenningar til UMFS

MÓTÓKROSS Uppskeruhátíð Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands var haldinn í lok október í veislusal FÍ í Mörkinni. Þar voru veitt verðlaun fyrir afrakstur ársins. Frá Ungmennafélagi UMFS voru þrír sem fengu verðlaun, Eric Máni Guðmundsson varð Íslandsmeistari í unglingaflokk í motocross og í þriðja sæti í unglingaflokk í enduro 14-19 ára, Alexander Adam Kuc varð í þriðja sæti í MX2 og Ragnheiður Brynjólfsdóttir varð í þriðja sæti í kvennaflokk 30+.



Við undirskrift á samstarfssamning í húsakynnum Landsbankans á Selfossi. F.v. Helga Guðmundsdóttir og Nína Guðbjörg Pálsdóttir frá Landsbankanum og þeir Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson og Einar Sindri Ólafsson frá handknattleiksdeildinni.

Landsbankinn endurnýjar samstarfssamning við Handknattleiksdeild UMFS

HANDBOLTI Landsbankinn og Handknattleiksdeild Umf. Selfoss hafa endurnýjað samstarfssamning sinn til næstu tveggja ára. Um langt skeið hefur Landsbankinn verið einn af aðalstyrktaraðilum deildarinnar og er afar stoltur af því samstarfi, sem og árangri deildarinnar. Samstarfið styður vel við markmið bankans að efla íþróttaog æskulýðsstarf á svæðinu. Handknattleiksfólk á Selfossi hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs við bankann. Sem fyrr byggir starf deildarinnar á góðum stuðningi samstarfsaðila félagsins og því er mikill akkur í samstarfi við öflugt fyrirtæki á borð við Landsbankann. *UMFS*



Hamarsmenn halda sigurgöngu sinni áfram í úrvalsdeild karla í blaki

BLAK Eftir tvo góða sigra á heimavelli heimsóttu Hamarsmenn Aftureldingu í Mosfellsbæ þann 2. nóvember og unnu þar 3-0 sigur í þó annars nokkuð jöfnum leik. Um helgina heimsótti liðið svo Vestra á Ísafjörð.

Leikurinn gegn Vestra var hörku spennandi og þurfti upphækkun til að klára fyrstu hrinuna en henni lauk með 28-30 sigri Hamars. Heimamenn unnu svo aðra hrinu 25-21 en þá var eins og öll orka væri úr Vestramönnum og Hamar vann þriðju hrinuna örugglega 25-15.

Vestramenn náðu sér þó aðeins á strik í fjórðu hrinu en það dugði ekki til og Hamar vann hrinuna 25-21 og leikinn þar með 3-1.

Með þessum tveimur leikjum hafa Hamarsmenn nú leikið jafn marga leiki og hin liðin í toppbaráttunni og eru því komnir á topp deildarinnar, ósigraðir með 12 stig en KA er í öðru sæti með 8 stig.

Barnalán hjá fimleikadeild Selfoss

FIMLEIKAR „Það má með sanni segja að fimleikafjölskyldan hafi stækkað verulega á stuttum tíma. Á einu ári fæddust hvorki meira né minna en 6 börn hjá þjálfurum deildarinnar. Með góðu skipulagi og metnaðarfullu fólki þá hefur allt gengið upp, framar vonum. Við erum afskaplega þakklát fyrir að meirihluti þjálfara okkar býr hér á Selfossi með fjölskyldum sínum. Þetta stækkar Selfosshjartað," segir Sigrún Ýr framkvæmdastjóri fimleikadeildar Selfoss. Hjá fimleikadeild Selfoss eru ríflega 400 iðkendur og aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar eru í kringum 40 manns. Framtíðin er björt, áfram Selfoss! *UMFS*



Með reglulegri hreyfingu eigum við auðveldara með að takast á við daglegar áskoranir

Í hröðu nútíma samfélagi getur gleymst að huga að heilsunni. Til að viðhalda heilsu er mikilvægt að við hreyfum okkur, mannslíkaminn er gerður fyrir hreyfingu en ekki kyrrsetu. Sýnt hefur verið fram á jákvæð áhrif hreyfingar og skaðleg áhrif hreyfingarleysis á andlega og líkamlega heilsu okkar. Samkvæmt Embætti Landlæknis eiga fullorðnir að hreyfa sig í 30 mínútur daglega og börn og unglingar í 60 mínútur daglega. Hægt er að skipta þeim tíma upp yfir daginn. Regluleg hreyfing getur verið allt frá stuttum göngutúrum, að taka stigann í stað lyftunnar, leggja bílnum lengra í burtu en vanalega og fleira, upp í íþróttaiðkun af mikilli ákefð.

Hver og einn þarf að finna hreyfingu við sitt hæfi hverju sinni, ekkert eitt hentar öllum. Mikilvægast er að hver og einn komi hreyfingu að í sitt dagskipulag/vikuskipulag á raunhæfan hátt, í smáum skrefum þar til hreyfingin tilheyrir lífsstílnum. Þegar við eigum erfitt með að hreyfa okkur vegna veikinda eða sjúkdóma þurfum við jafnvel að hreyfa okkur á annan hátt og í styttri tíma en vanalega. Þegar þreytan er mikil vegna til dæmis streitu eða álags öðlumst við gjarnan meiri orku með því að hreyfa okkur í stað þess að leggjast í sófann. Það skiptir því máli að skilja mikilvægi hreyfingar til að geta valið létta hreyfingu í stað þess að leggjast fyrir þegar streita eða álag er mikið.

Við hreyfingu minnkar framleiðsla streituhormóna líkamans og framleiðsla endorfíns (náttúrlegt verkjalyf líkamans) eykst, sem eykur vellíðan okkar og þar af leiðandi öðlumst meiri trú á eigin getu. Hreyfing er ekki einungis mikilvægur partur af lífstílnum okkar heldur getur hreyfingin verið gott bjargráð til að draga úr streitu. Mikilvægt er að ná tökum á streitunni áður en streitan nær tökum á okkur og hreyfing er besta streitulosunin. Hreyfing hefur einnig afar jákvæð áhrif á svefngæði okkar sem auðveldar okkur framkvæmd daglegra athafna og gerir okkur betur í stakk búin að takast á við streituvalda. Mikilvægt er að einblína á þá hreyfingu sem við framkvæmum og njóta hennar hverju sinni.

Þegar hreyfing verður hluti af lífstílnum okkar eykur það vellíðan og orku. Við eigum auðveldara með að framkvæma það sem okkur er mikilvægt og njóta gæðastunda með þeim sem okkur eru mikilvægir. Þar



af leiðandi verður auðveldara að takast á við þá streituvalda sem eru í umhverfinu og innra með okkur.

Pistillinn er birtur í tengslum við Forvarnarviku HSU þar sem í ár er lögð áhersla á streitu og lífstíl.

Eydís Helga Garðarsdóttir, iðjuþjálfi lyflækningadeild HSU

† Jón Ólafsson f. 1931

Jón á Velli er fallinn frá. Við höfum þekkst alla ævi og verið vel til vina. Hann var einn 15 systkina, börn Ólafs og Margrétar í vesturbænum á Syðra Velli, næstyngstur, tveimur árum yngri en ég. Guðmundur bróðir minn, jafnaldri Jóns, ólst upp í austurbænum á Velli. Ég átti margar ferðir þangað að leika mér með Guðmundi við þá yngstu vesturbæjarbræður. Þá var oft farið í smíðahúsið í vesturbæ, en það var gamla baðstofan, sem stóð eftir að nýja íbúðarhúsið var byggt 1938. Þar smíðuðu þeir vesturbæjarbræður bæði bíla, boga og skammbyssur sem skotið var úr örvum.



Við Jón vorum eina vetrarvertíð saman við fiskverkun í Vestmannaeyjum en margir strákar úr Bæjarhreppnum voru hjá Sæla. Jón var með okkur fleiri strákum að æfa frjálsar íþróttir á Loftsstaðaflötum á vorin. Jón var hagmæltur, ég var honum þakklátur fyrir fallega vísu sem hann gerði um okkur Árna bróður, þegar við tókum við búi á Galtastöðum 1953.

Jón og Gunnþórun kona hans byggðu nýbýlið Syðri Völl III og bjuggu þar frá 1959 – 1983. Eftir að þau hjón fluttu á Selfoss og byggðu sér húsið Lágengi 12 var aftur stutt á milli okkar og gagnkvæmar heimsóknir. Jón var fangavörður á Litla Hrauni frá 1973 til loka starfsaldurs.

Þau hjón Jón og Gunnþórunn voru nýbúin að heimsækja okkur hjónin þegar hann féll frá.

Ég á góðar minningar um Jón, hann var vel gerð persóna og skemmtilegur í samræðu. Góður drengur er genginn.

Við hjónin sendum hans nánustu okkar innilegustu samúðarkveðjur

Sigurjón Erlingsson

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944



Sameyki óskar eftir orlofshúsum til leigu
Sameyki óskar eftir að taka á leigu íbúð eða orlofshús á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi frá 1. maí til 1. september 2023. Húsnæðið þarf að vera í mjög góðu ástandi og gistipláss þurfa vera fyrir 4-6 manns.
Allar frekari upplýsingar veita Ólafur Hallgrímsson, rekstrarstjóri fasteigna orlofssjóðs Sameykis, í síma **896 1470** eða á netfangið **oli@sameyki.is** og Harpa Björk Hilmarsdóttir, verkefnastjóri orlofsmála í síma **525 8355** eða á netfangið **harpa@sameyki.is**
SAMEYKI STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU
Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Opið frá 9:00-16:00 • Sími: 525 8330 • sameyki@sameyki.is

VERO MODA VILA name it
JACK&JONES SELECTED



bestseller.is
Vönduð föt á frábæru verði fyrir alla fjölskylduna.
FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 10.000 KR.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin fimmtudaginn 10. nóv. kl. 13:00-14:30.

OPIÐ HÚS
fim. 10. nóv. kl. 14:45.
Sigurjón Erlingsson múrari flytur fróðlegt erindi.
Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1.500 kr.

MINNUM Á:
Árshátíð 11. nóvember.
Jóla-opið hús: Mið. 7. des.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Iðnaðarhúsnæði
Iðnaðarhúsnæði óskast. Ca. 100 m². Eitt ár+. Við Gagnheiði eða Háheiði á Selfossi. Upp. í síma 894 3026 (Pálmi)

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

Hvolsskóli fær Grænfánann í 7. sinn

Föstudaginn 4. nóvember sl. tók Hvolsskóli við grænfánanum í 7. sinn en grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfisverndarverkefni, sem stýrt er af Landvernd. Hvolsskóli flaggaði fánanum fyrst árið 2008. Það var Ósk Kristinsdóttir frá Skólum á grænni grein sem kom og afhenti fánann og umhverfisnefnd skólans tók á móti honum.

Í dag eru um 200 skólar á Íslandi sem taka þátt í þessu verkefni, frá leikskóla til háskóla. Í lok athafnarinnar söng Tröllakór Hvolsskóla (nemendur í 1.-4. bekk) nokkur lög.



Á myndinni er Ósk Kristinsdóttir ásamt nemendum í umhverfisnefnd og Þórunni Óskarsdóttur verkefnastjóra.

KIRKJUR

Þorlákskirkja
Sunnudagurinn 13. nóvember. Guðsþjónusta kl. 11:00. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar og Kór Þorláks- og Hjallakirkju leiðir safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista. Verum öll velkomin til kirkju. Sóknarnefnd og sóknarprestur.

Skálholtsskirkja
Messa kl. 11. Prestsþjónusta sr. Axel Á Njarðvík, héraðsprestur og organinsti er Jón Bjarnason. Verið velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 12. nóvember. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur Eric Guðmundsson og kvöldmáltíð. Bænaviku lýkur. Verið velkomin.

FUNDIR

VÖFFLUKAFFI
Laugardaginn 12. nóvember milli kl. 11:00 og 12:00 á Eyravegi 15, Selfossi.

Guðni Ágústsson mætir og kynnir bókina:
"Guðni: Flói bernsku minnar"
Allir velkomnir.

TIL SÖLU

Kettlingar
Til sölu nokkrir kettlingar. Afhendast örmerktir, bólusettir og ormahreinsaðir. Fjölbreyttir litir. Uppl. í síma 649 1066, eftir kl. 20.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is





Verið velkomin í til helgihalds í Árborgarprestakalli sunnudaginn 13. nóvember

Sunnudagaskólinn hefst kl. 11 með gleði og söng í umsjón Sjafnar Þórarinsdóttur og leiðtoga starfsins.

Messað verður í Selfosskirkju kl. 11. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og kirkjukór Selfosskirkju leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Edit Molnár.

Í messunni verður ný sálmabók Þjóðkirkjunnar tekin formlega í notkun með hátíðlegum hætti og sungnir nýjir sálmar sem þar er að finna. Sálmabókin nýja er glæsileg bók sem lengi hefur verið beðið eftir og því er um að ræða stóra stund fyrir kirkjuna alla og helgihald hennar og mikið fagnaðarefni.

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og kór Gaulverjabæjarkirkju leiðir safnaðarsönginn. Organisti er Haukur Arnarr Gíslason.

Kvöldmessa verður í Eyrarbakkakirkju kl. 20. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og kór Eyrarbakkakirkju leiðir safnaðarsönginn. Organisti er Haukur Arnarr Gíslason.

Opin söngstund verður í Selfosskirkju kl. 18 á sunnudeginum. Fyllum kirkjuna af söngelsku fólki! Allir eru allir hjartanlega velkomnir til ánægjulegrar samveru.

Þriðjudaginn 15. nóvember verður þriðjudagssamvera í Selfosskirkju á heimilislegum og góðum nótum. Gestur að þessu sinni er Eygló Lilja Gränz fv. bankastarfsmaður. Verið öll hjartanlega velkomin.



Á myndinni eru frá vinstri f.h. Sleipnis, Sólveig Pálmadóttir og Sigríður Magnea Björgvinsdóttir f.h. Landsbankans, Helga Guðmundsdóttir og Nína G. Pálsdóttir.

Gott samstarf, gulli betra

Hestamannafélagið Sleipnir og Landsbankinn hafa gert með sér styrktarsamning sem felur í sér stuðning við íþróttastarf félagsins.

Sleipnir heldur úti öflugu æskulýðsstarfi auk þess að bjóða upp á hestaíþróttir allt árið fyrir börn og unglinga sem vilja kynnast íþróttinni, þar fer fram þjálfun og kennsla á faglegum grunni þar sem metnaður er lagður í að kenna rétta nálgun og reiðmennsku frá byrjun.

Félagið á þrjá knapa í A-landsliðinu og þrjá knapa í U21 landsliðinu. Allt starf félagsins byggir á sjálfboðastarfi og afar mikilvægt að hafa styrktaraðila eins og Landsbankann.

Byggðasafnið óskar eftir jólaskrauti



Safnvörðurinn Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir handleikur jóladagatöl frá ofanverðri 20. öld.

Leynist gamalt jólaskraut heima hjá þér? Langar þig til að þitt jólaskraut verði varðveitt á safni? Byggðasafn Árnesinga óskar eftir gömlu skrauti frá íbúum Árnessýslu, bæði til að færa inn í safneign en einnig til að geta notað sem jólaskraut í safnahúsunum yfir jólin.

Þau hjá Byggðasafninu eru ekki eingöngu að falast eftir afar gömlu jólaskrauti því margt áhugavert og heillandi skraut frá 20. öld gæti leynst hjá fólki sem þætti spennandi á safni. Þau biðja því fólk sem er að taka til í skrautinu sínu og hikar við að henda einhverju að endilega hugsa til safnsins. Hver veit nema eitthvað af því geti fengið framhaldslíf.

Sérstakur móttökudagur fyrir jólaskraut verður laugardaginn 12. nóvember á milli kl 12-16 í varðveisluhúsi safnsins á Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Einnig er hægt að vera í sambandi á skrifstofutíma safnsins í síma 483 1082 eða með því að senda tölvupóst á info@byggdasafn.is.

Fréttir af Félagi eldri borgara í Ölfusi

Vetrarstarfsemi Félags eldri borgara í Ölfusi er nú hafin af fullum krafti.

Í stjórn félagsins eru Halldór Sigurðsson formaður, Rán Gísladóttir varaformaður, Jón H. Sigurmundsson, gjaldkeri, Guðrún S. Sigurðardóttir ritari og meðstjórnendur eru þau Guðfinna Karlsdóttir, Sigurður Bjarnason og Ingvi Þorkelsson.

Starfsemin á þessu starfsári hófst í byrjun júní en þá bauð félagið eldri borgurum, í samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus, í dagsferð um sveitarfélagið okkar. Fararstjóri var formaður félagsins en leiðsögumenn þeir Hannes Sigurðsson frá Hrauni og Einar Sigurðsson Þorlákshöfn. Farið var um mest alla sveitina, flestir vegir þræddir og leiðsögumenn sögðu sögur af mönnum og málefnum og höfðu af nægu skemmtiefni að taka. Ferðin var mjög skemmtileg og höfðu nokkrir orð á því hve langt væri síðan þeir hefðu farið um sveitina sína og hve mikið hefði breyst á síðari árum. Í lok ferðar var komið við í Hafinu bláa þar sem eigendurnir, Hannes og Tóta á Hrauni buðu upp á veitingar.

Föstudaginn 16. september var aftur blásið til brottfarar á vegum ferðanefndar Félags eldri borgara. Fararstjórar voru þær stöllur í ferðanefndinni, Laufey Ásgeirsdóttir og Rán Gísladóttir en leiðsögumaður hinn landsþekkti Guðni Ágústson fyrrum þingmaður og ráðherra. Byrjað var á að skoða nýja miðbæinn á Selfossi og leiddi Guðni okkur þar um stræti og sagði sögur húsanna ásamt því að segja frá heiðursmanninum Agli Thorarensen og hans verkum. Síðan lá leiðin í Laugardælakirkju þar sem Bobby Fischer hvílir sína



hinstu hvílu og var þar gengið inn í kirkju og hlustað á frásagnir um skáksnillinginn. Áfram var haldið og nú að Flóaáveitu og hún skoðuð og ferðalangar hlustuðu á söguna um tilurð hennar frá heimamanninum Guðna en hans æskuheimili er þarna rétt við. Komið var nú að hádegi og tími til að snæða eitthvað gott og var hópurinn keyrður að Flúðum þar sem menn fengu sveppasúpu og girnilegt brauð með ásamt því að svepparæktin var skoðuð. Næst var farið með ferðalangana í fjósið að Gunnbjarnarholti en það er glæsilegt mannvirki og var ótrúlegt að sjá alla þessa nautgripi á einum stað ásamt ýmsu öðru sem þarna var til sýnis.

Farið var nú að síga á seinnihluta ferðarinnar en næst var komið við í Tré og List þar sem listamaðurinn Ólafur Sigurjónsson tók á móti okkur leiddi okkur í gegnum safnið þar sem getur að líta einstaka listmuni og kirkjuorgel sem Ólafur tók nokkur lög á. Að endingu var farið í kvöldverð í Vatnsholti þar sem félagar fengu hið einstaka íslenska lambalæri að borða ásamt ýmsu öðru góðgæti. Mikið fjör myndaðist og sungið var fram á kvöld.

Það voru þreyttir en ánægðir eldri borgarar sem komu heim seint um síðir. Einstaklega skemmtilega leiðsögn hjá Guðna Ágústsyni ber að þakka en það er með ólíkindum hve vel hann segir frá.

Hin hefðbundna klúbbastarfsemi félagsins er að komast á skrið s.s. félagsvist, bridge, prjónaklúbbur, konukvöld, karlaspjall, kótelettukvöld, boccia, bingó. 1. des samkoma okkar og síðar þorrablót þegar þar að kemur. Haustfundur félagsins var þann 21. sept. og var þar farið nánar yfir vetrarstarfið.

Nú styttist til jóla og því hefur Félag eldri borgara í samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus ákveðið að halda Aðventutónleika á 9-unni fimmtudaginn 8. des. kl. 17.00 Boðið verður upp á eitthvað góðgæti með tónlistinni en ákveðið var að leita til listamanna í heimabyggð. Tónleikarnir verða nánar auglýstir síðar.

Fjölbreytt og lifandi félagsstarf er öllum nauðsynlegt og vonandi verður þátttaka félaga góð í vetur og nýir félagar eru alltaf velkomnir.

Fyrir hönd Félags eldri borgara í Ölfusi,
Halldór Sigurðsson formaður

Spítalastelpan – útgáfuhóf á Hellu


SPÍTALASTELPAN

Hversdagshetjan Vinsý

Sigmundur Ernir Rúnarsson

„Ég hafði upp á mömmu minni án þess að finna hana."

Uppvaxtarsaga Sigurvinu Guðmundu Samúelsdóttur, Vinsýjar eins og hún er alltaf kölluð, er í senn sársaukafull og þrungin lífsþorsta og vongleði en um leið er hún afhjúpandi um samfélag síðustu aldar.

Fyrsta árin var Vinsý að mestu reyrð niður í rúm á Sjúkrahúsinu á Ísafirði með berkla í hrygg og leið þar vítiskvalir og sá fyrst venjulegt heimili nokkurra ára gömul. Hún byrjaði ekki að ganga fyrr en á sjöunda ári og sigldi síðan óskólagengin heim, áratugi aftur í tímann, til fjölskyldu sinnar á Ströndum norður – en vissi ekki að faðir hennar var löngu dáinn og móðirin búin að yfirgefa hana í huganum.

Sigmundur Ernir Rúnarsson á að baki metsölubækur, margverðlaunaðar aviðgur sem hreytt hafa við lesendum – og ekki verður annað sagt en að saga Vinsýjar grípi lesandann í sinn fjötur og hlífum tökum.

Ein ótrúlegasta og átakanlegasta uppvaxtarsaga sem skrifuð hefur verið hér á landi er komin í verslanir, en það er Spítalastelpan, uppvaxtarsaga Sigurvinu Guðmundu Samúelsdóttur, Vinsýjar eins og hún hefur jafnan verið kölluð. Útgáfuhátið verður haldin í safnaðarheimilinu á Hellu á sunnudag og hefst hún kl. 15:00, að viðstaddri Vinsýju og Sigmundi Erni Rúnarssyni, höfundi bókarinnar sem mun lesa upp úr henni á staðnum. Vinsý hefur búið á Suðurlandi alla sína fullorðinstíð.

Á bókarkápu segir að uppvaxtarsaga Vinsýjar sé í senn sársaukafull og þrungin lífsþorsta, en um leið megi hún heita afhjúpandi fyrir samfélag síðustu aldar. „Fyrstu árin var hún að mestu reyrð niður í rúm á Sjúkrahúsinu á Ísafirði með berkla í hrygg og leið þar vítiskvalir. Hún sá fyrst venjulegt heimili nokkurra ára gömul, byrjaði ekki að ganga fyrr en á sjöunda ári og sigldi síðan óskólagengin heim, áratugi aftur í tímann, til fjölskyldu sinnar á Ströndum norður, en vissi ekki þá að faðir hennar var löngu dáinn og móðirin búin að yfirgefa hana í huganum."

Bókin verður til sölu í útgáfuhófinu.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2674 Fimmtudagur 10. nóvember 2022

Fjallaböðin í Þjórsárdal verða að veruleika

Í síðustu viku var fyrsta skóflustungan tekin að Fjallaböðunum í Þjórsárdal. Það voru þau Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins, Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Magnús Orri Marínarson Schram, framkvæmdarstjóri Fjallabaðanna sem tóku skóflustunguna saman.

Hér er á ferð metnaðarfull uppbygging í Þjórsárdal sem áætlað er að verði komin í gagnið árið 2025.

Annars vegar er um að ræða Fjallaböðin; baðstað og 40 herbergja hótel, þar sem samspil náttúru og hönnunar á sér engan líkan en stór hluti byggingarinnar verður byggður inní fjallið Rauðukamba. Hins vegar er um að ræða Gestastofu Þjórsárdals sem mun rísa í mynni Þjórsárdals. Þar verður reist 2000 fermetra þjónustubygging sem mun hýsa upplýsingamiðstöð ferðamanna, metnaðarfullt sýningarhald, og veitingaþjónustu ásamt fleiri gistimöguleikum, í smáhýsum og á tjaldstæði.

Umhverfis- og sjálfbærnisjónarmið eru höfð að leiðarljósi við alla uppbyggingu. Allar byggingar verða BREEAM sjálfbærnivottaðar. Þannig er stefnt að lægra kolefnisspori en venja er til, vistvænum lausnum við byggingu og endurvinnslu á byggingarefni. Stefnt verður að kolefnisjöfnuðum rekstri frá fyrsta degi. Nú þegar hefur félagið plantað 120.000 trjám í Þjórsárdal til að tryggja bindingu kolefnis stax við opnun.

Áætlaður kostnaður við uppbygginguna er á bilinu 6-8 milljarðar króna. Bakhjarlar verkefnisins eru Rauðukambar ehf en helsti eigandi þess eru Íslenskar heilsulindir ehf, dótturfélag Bláa Lónsins hf.

„Menn höfðu náttúrulega pínulitlar efasemdir um þessa klikkuðu hugmynd, að setja hús inn í fjall og ég skil það mjög vel. En það er í raun og veru algjörlega stórkostlegt að reyna að minnka ásýndina á verkefninu en um leið að skapa eitthvað sérstakt. Stuðningur heimamanna og svo með nýju fólki núna er



alveg einstakur og það ber að þakka sérstaklega fyrir það“, segir Magnús Orri Marínarson Schram, framkvæmdarstjóri Fjallabaðanna.

„Þjórsárdalurinn er algjörlega einstakt svæði, það hefur auðvitað verið afstaða forsætisráðuneytisins að hér þurfi svo sannarlega að vanda til verka. Það sem okkur hefur fundist mikilvægt við þetta verkefni er metnaðurinn í tengslum við umhverfismálin, sjálfbærnina og náttúruverndina. Það skiptir líka miklu máli, vegna þess að þetta er þjóðlenda, að baðstaðurinn sem er fyrirhugaður hér verði opinn almenningi, svæðið sjálft verði aðgengilegt með stígagerð og öðru því þetta svæði er ekki bara mikilvægt fyrir fólkið í sveitinni, heldur er þetta svæði sem skiptir okkur öll máli, alla íslendinga, hvernig tekst til og það er margt í hugmyndunum hér sem við teljum að skipti máli,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

„Við erum mjög spennt fyrir metnaðarfullri uppbyggingu í Þjórsárdal en hún rímar mjög vel við áherslur okkar um einstaka hönnun, þjónustugæði, sjálfbærni í rekstri og umhverfisvitund. Með uppbyggingunni er gott aðgengi gesta að svæðinu tryggt á sama tíma og virðing fyrir einstakri náttúru og sögu er höfð að leiðarljósi. Gott samstarf okkar við nærsamfélag, stjórnvöld og viðeigandi stofnanir ber að þakka,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins hf.

„Þessi tímamót marka upphafið að mikilli uppbyggingu ferðaþjónustu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þjórsárdalurinn er einstök náttúruperla og hefur verið eitt best geymda leyndarmál í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Með friðlýsingu Þjórsárdalsins árið 2020 var lagður grunnurinn að því að varðveita einstök náttúru- og menningarverðmæti Þjórsárdals. Þjórsárdalurinn með Fjallaböðin, Háafoss, Gjánna, Stöng, Hjálparfoss og fleiri staði ásamt fjölmörgum gönguleiðum og einstakri sögu minja mun verða mikið aðdráttarafl í ferðaþjónustu á Íslandi,“ segir Haraldur Þór Jónsson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps. *HGL*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FYLGD Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson

Svanhildur Eiríksdóttir

Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is